


# OECD *Multilingual Summaries* Economic Policy Reforms 2017 Going for Growth

Summary in Icelandic



Read the full book on: [10.1787/growth-2017-en](https://doi.org/10.1787/growth-2017-en)

## Umbætur á efnahagsstefnu 2017 Stefnt að hagvexti

Útdráttur á íslensku

Stjórnvöld geta ekki leyft sér að slá slöku við í umbótastarfi sínu ef þau vilja forðast þá gildru lágs hagvaxtar sem þau standa um frammi fyrir og tryggja að ávinningurinn af hagvexti gagnist meiri hluta þegnanna í ríkjum þeirra. Undanfarin tvö ár hefur hagvöxtur í heiminum staðið í stað við 3% markið, talsvert fyrir neðan 4% meðalhagvöxt undanfarinna 10 ára. Samdrátturinn í Kína og öðrum nýhagkerfum skýrir allnokkurn hluta munarins, en í ríkjum OECD hefur hagvöxtur að jafnaði verið nálægt 2% á árunum eftir hrun og horfur um viðvarandi litla eftirspurn og takmarkaðar fjárfestingar halda niðri þeim hagvexti sem annars gæti orðið.

Í leit sinni eftir heilbrigðari hagvexti standa stjórnvöld frammi fyrir meiri háttar stefnumörkunarvanda. Hin skarpi og víðtæki samdráttur sem orðið hefur í framleiðniaukningu allt frá efnahagskreppuni hefur leitt til þess að tekjur hafa staðið í stað hjá stórum hluta fólks, sem hefur grafið undan almennum stuðningi við skiplagsumbætur. Jafnvel þótt jafnt og þétt hafi dregið úr atvinnuleysi í flestum löndum, standa ungmenni og ófaglært fólk í sumum löndum frammi fyrir lélegum atvinnuhorfum og mikilli hættu á tíðum tímabilum atvinnuleysis. Til að komast yfir þessi vandamál þarf samræmdar áætlanir um skiplagsumbætur og sameiginlegar aðgerðir í fjölmörgum málaflokkum, sem studdar eru af þjóðhagslegri stefnumótun.

Í ritinu Stefnt að hagvexti er byggt á þekkingu OECD á sviði skiplagsumbóta og árangri í efnahagsmálum og lagðar fyrir stefnumótendur haldbærar tillögur um þau svið þar sem umbóta er þörf og sem teljast til forgangsmála ef stefna á að öflugum hagvexti sem gagnast öllum. Forgangspatriðin ná yfir breitt svið reglusetningar á sviði vöru- og vinnumarkaðar, menntunar og þjálfunar, skatta- og tilfærslukerfa, viðskipta og reglna um fjárfestingar, auk stefnumörkunar á sviði nýsköpunar. Rammaáætlunin, sem nefnd hefur verið „Stefnt að vexti“, hefur gegnt mikilvægu hlutverki í að aðstoða G20-löndin að ná árangri í skipulagsumbótum sínum, meðal annars með því að fylgjast með áætlunum þeirra um hagvöxt til þess að ná fram viðvarandi og stöðugum vexti.

Í þessari skýrslu er farið yfir þann árangur sem náðst hefur varðandi tillögurnar um skiplagsumbætur, sem fram eru settar í ritinu Stefnt að hagvexti, á tímabilinu 2015-16. Í þessu samhengi er bent á ný forgangsmál fyrir ríki OECD og valin ríki utan OECD, þar sem þörf er á skiplagsumbótum til þess að auka rauntekjur og tryggja að ávinningurinn nýtist þorra þegnanna (1. kafli). Í þessu skyni er í rammaáætluninni um val á forgangsmálum í fyrsta skipti einblínt á aðgerðir í þágu fjöldans sem frummarkmið, ásamt framleiðni og atvinnustigi, en það eru þeir þættir sem fyrst og fremst drífa áfram aukningu meðaltekna. Í þessu skyni er er stuðst við víða skilgreiningu á því hvað það felur í sér að tiltekin aðgerð gagnist öllum og er þar tekið mið af t.d. ójafnræði, fjölda atvinnutækifæra, gæðum atvinnu, svo og þátttöku á vinnumarkaði af hálfu viðkvæmra hópa, kynjamun og jöfnum tækifærum til náms og heilsufarsaðstæðum. Í skýrslunni er sett fram alhliða mat á þeim úrlausnarefnum í stefnumótun sem lúta að því að ná til allra og fjallað um hugsanlegar lausnir varðandi þau forgangsmál sem sett eru fram í hagvaxtarstefnunni (2. kafli). Forgangsmál einstakra landa og tillögur í þeim efnum eru settar fram í athugasemdum um viðkomandi lönd (3. kafli).

## Framfarir í skipulagsbreytingum frá 2015

*Hægt hefur á framgangi skipulagsumbóta undanfarin tvö ár og er hann nú á svipuðu róli og á árunum fyrir efnahagskreppuna. Hæggagangurinn í heild dylur þó verulegan mun milli landa.*

- Hægt hefur á umbótum í þeim löndum þar sem ákafast var unnið að umbótum á þeim tveimur árum sem á undan fóru (t.d. í Mexíkó, Grikklandi, Írlandi, Portúgal, Póllandi og Spáni), en einnig í löndum þar sem umbótastarfið var ekki jafnöflugt á fyrra tímabilinu (t.d. í Ástralíu, Póllandi og Slóveníu).
- Hert hefur verið með eftirtektarverðum hætti á umbótastarfinu í sumum löndum, sem ekki höfðu á fyrra tímabilinu staðið framarlega í röðum umbótasinnaðra landa (t.d. Belgíu, Síle, Kólombíu, Ísrael, Ítalíu og Svíþjóð, svo og Austurríki, Brasilíu og Frakklandi).

*Hægt hefur á framgangi skipulagsumbóta með enn meira áberandi hætti á málefnasviðum sem veða sérlega þungt varðandi framleiðni vinnuafslisins, svo sem á sviði menntamála og nýsköpunar. Þetta er sérlega mikið áhyggjuefni í ljósi viðvarandi og víðtækrar hnignunar framleiðniaukningar.*

*Ef lítið er til jákvæðra þátta má nefna að fjöldi aðgerða til umbóta sem tengjast áætluninni um stefnu að hagvexti hefur vaxið að því er varðar ráðstafanir til að draga úr hindrunum við atvinnuþátttöku kvenna og til að stuðla að atvinnusköpun með lægra tekjuskattstigi, einkum meðal láglaunafólks. Þetta eru svið þar sem umbætur sem stuðla að hagvexti styðja jafnframt við dreifingu ávinningsins til sem flestra.*

*Stjórnvöld hafa yfirleitt haft tilhneigingu til þess að beina umbótaaðgerðum að einstökum málaflökkum þrátt fyrir áhættuna af því að hugsanlegur ávinningur af samlegðaráhrifum og samstillingu aðgerða glatist. Bætt framsetning umbótaaðgerða gæti greitt fyrir framkvæmd þeirra, hámarkað áhrif þeirra á hagvöxt og atvinnusköpun og hjálpað til að draga úr launaójöfnuði.*

## Ný forgangsröðun í umbótum til að stuðla að hagvexti sem gagnast öllum

*Í ljósi mikilvægis aukinnar framleiðni fyrir almenn lífskjör til langs tíma og umfangs þeirra áskorana sem flest ríki standa frammi fyrir í þeim efnum hafa verið dregin fram frekari forgangsatríði sem miða að því að auka framleiðni á hvern launamann og tryggja að ávinningnum sé deilt meðal allra þegna. Meiri áhersla er lögð á málefni á sviði menntunar, samkeppni á sviði vörumarkaðarins og opinberra fjárfestinga í samanburði við fyrri rit um stefnu að hagvexti.*

*Einkum og sér í lagi er horft til þess að greiða fyrir markaðsaðgengi og vexti nýsköpunarfyrirtækja, að stuðla að jafnara aðgengi að góðri menntun og þátttöku kvenna og farandfólks á vinnumarkaðinum, að auka fjárfestingu í innviðum og bæta þjálfun verkafólks og marka stefnu sem stuðlar að því að virkja fólk til sjálfshjálpar en allir þessir þættir eru liðir í algengustu áskorunum sem sigrast þarf á með stefnumörkun sem beinist að því að ná fram öflugri hagvexti sem gagnast öllum.*

*Hægt er að ná fram sterkum samlegðaráhrifum ef stefnt er annars vegar að framleiðni og aukinni atvinnu og hins vegar að því að ávinningurinn nái til allra. Staðreyndin er sú að ef forgangsmálum í stefnumörkun, sem lýst er í þessu riti, er hrint í framkvæmd samhliða og með réttum hætti mundi það leiða til meiri tekjuaukningar og jafnari dreifingu tekna.*

*Í viðleitni sinni til þess að tryggja að hagvöxtur gagnist sem flestum ættu stjórnvöld að einbeita sér að því að tryggja breiðan aðgang að góðri menntun og endurmenntun, að auka fjölda og gæði starfa og að bæta skilvirkni skatta- og tekjutilfærslustefnu í því skyni að draga úr ójafni tekjuskiptingu og fátækt.*

- Að því er varðar menntun, eru forgangsmálin m.a. að takast á við þarfir ungs frá leikskólastigi til háskólastigs til þess að ungmenni fái í sinn hlut sem besta veganesti og stuðning sem þau þarfnast á öllum menntavegi sínum. Áhersla er lögð á að bæta jafnræði og jöfn tækifæri og tryggja að vinnuafli geti lagað sig að breyttum kröfum um færni.
- Að skapa fleiri og betri störf kallar á að tekist verði á við tvíhyggju og sundrunu á vinnumarkaðinum og, í tilviki nýhagkerfa, að horfa til hins óformlega hluta vinnumarkaðarins.

- Í mörgum löndum er svigrúm til þess að skipuleggja félagslegar tilfærslur sem miða að því að vernda einstaklinga og fjölskyldur sem mesta þörf hafa fyrir slíkar tilfærslur en tryggja jafnframt að atvinna borgi sig fyrir þá sem lakast standa í tekjudreifingunni og takmarka skattaívilnanir og skattaafslætti sem fyrst og fremst gagnast hátekjuheimilum.

© OECD

**Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.**

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

**Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd á grip af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.**



**[Read the complete English version on OECD iLibrary!](#)**

© OECD (2017), *Economic Policy Reforms 2017: Going for Growth*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/growth-2017-en